

08. okt. 2015

Tilv.

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri 7. október 2015
UST201509-185/H.V.
04.04

Umsögn um þingsályktunartillögu um þjóðgarð á miðhálendinu – 10. mál

Umhverfisstofnun vísar til erindis frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 24. september 2015, þar sem umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar sbr. þingskjali 10 – 10. mál um þjóðgarð á miðhálendinu er óskað.

Í þingsályktuninni kemur fram vilji til að stofna þjóðgarð sem taki yfir allt miðhálendi Íslands og að miðhálendisþjóðgarður verði stofnaður vorið 2018.

Umhverfisstofnun telur hugmynd um stofnun þjóðgarðs á öllu miðhálendinu áhugaverða og vel þess virði að skoða nánar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að horft sé til verndar hálendis Íslands og að ekki sé gengið á þá auðlind sem öræfaauðnin, viðernin og fjölbreytt landslag er. Nefna má að Umhverfisstofnun hefur beint því til sveitarfélaga í gegnum rammaskipulag Suðurhálendisins að möguleiki væri á því að friðlýsa stærri svæði á Suðurhálendinu og t.d. tengja við friðland að Fjallabaki í þeim tilgangi að vernda enn frekar til framtíðar þau sérstöku svæði sem hálendi Íslands hefur að geyma. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan verður samþykkt þá væri eðlilegt að beina tillöggunni í náttúruverndaráætlun eða sambærilega áætlun sem hefur það hlutverk að marka stefnu í náttúruvernd og friðlysingarmálum á Íslandi.

Með þingsályktunartillögunni er ekki lögð til nánari útfærsla á mörkum miðhálendisþjóðgarðs umfram það að hann skuli ná yfir allt miðhálendi Íslands. Gera má ráð fyrir að þjóðgarðurinn muni þá ná yfir svæði sem eru friðlýst eða á náttúrumínjaskrá, s.s. Þjórsárver, Guðlaugstungur, Kerlingarfjöll, Orravatnsrústir, Hveravelli o.s.frv. Með stofnun þjóðgarðs á svæðinu breytist áhersla friðlýsingar þeirra svæða sem nú eru þegar friðlýst þannig að meiri áhersla er lögð á félagslega náttúruvernd heldur en nú er gert. Sem dæmi má nefna að Þjórsárver eru nú flokkuð í flokki Ib í flokkunarkerfi IUCN. Í þeim flokki eru svæði sem eru venjulega stór svæði sem eru lítt eða ekki mótuð af manninum og hafa haldið sínum náttúrulegu eiginleikum og áhrifum. Innan svæða í flokki Ib er ekki varanleg eða umtalsverð búseta og verndun og stjórnun svæðanna miðar að því að varðveita náttúrulegt ástand þeirra. Verði svæðið friðlýst sem þjóðgarður færst áherslan til þess að vera einkum til verndar vistkerfum og til útvistar fyrir almenning. Með þessum breytingum gæti álag á svæðinu aukist og það er alls óvist hvort að svæði eins og Þjórsárver myndu þola það aukna álag ferðamanna. Umhverfisstofnun telur því rétt að kanna vel hvort að þjóðgarður sé heppilegasti flokkur friðlýsingar eða hvort unnin verði vönduð svæðisskipting sem tekur tillit til mismunandi þols svæða fyrir umferð hvers konar.

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að stofnun þjóðgarðs kallar á uppbyggingu innviða á svæðinu og því þarf að tryggja fjármagn til uppbyggings og reksturs svæðisins sem felur einnig í sér stýringu, t.d. ferðamanna, enda eitt af markmiðum með stofnun þjóðgarðs að stuðla að útvist og náttúruupplifun.

Stofnunin telur því mikilvægt að ef stofnaður verður þjóðgarður sem felur í sér sameiningu annarra friðlýstra svæða, að þau svæði þjóðgarðsins sem falla í aðra verndarflokka verði skýrt afmörkuð og verndun þeirra skilgreind.

Virðingarfyllst

Hildur Vésteinsdóttir

Hildur Vésteinsdóttir
Teymissjóri

A. B. Guttormsdóttir

Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Teymissjóri